



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

Jafnréttisviðurkenningar Akureyrar árið 2021

Frístundaráð Akureyrarbær veitir nú fjórða árið í röð sérstakar viðurkenningar á sviði jafnréttismála. Tilgangurinn er að vekja athygli á störfum í þágu jafnréttis í samræmi við mannréttindastefnu Akureyrarbæjar.

Auglýst var eftir tilnefningum og var samþykkt að veita viðurkenningar í tveimur flokkum, til einstaklings og fyrirtækis. Auk þess var ákveðið að veita einu verkefni sérstök hvatningarverðlaun.

Snorri Björnsson hlýtur jafnréttisviðurkenningu Akureyrarbæjar í flokknum einstaklingar. Snorri hefur verið kennari við VMA síðan 2010. Snorri hefur kennt kynjafræði síðan 2013 og fékk á sínum tíma styrk úr Sprotasjóði til þess að þróa áfangann. Í áfanganum er fjallað um eitt og annað, jafnréttissöguna, fjölmiðla og fjölmiðlaumræðu, auglýsingar, kvikmyndir, hinsegin málefni og klámvæðingu. Hátt í 300 nemendur hafi setið valáfangann í kynjafræði hjá Snorra en auk þess er hann virkur talsmaður jafnréttis og því bæði fyrirmynd og hvatning. Innilega til hamingju Snorri Björnsson.

N4 hlýtur jafnréttisviðurkenningu Akureyrarbæjar í flokknum fyrirtæki/stofnun. Hjá fjölmiðlinum N4 hefur dyggilega verið unnið að jafnréttismálum undanfarin ár. Kynjahlutföll viðmælenda í þáttum og dagskrárgerð hafa verið mæld síðan 2013 og árið 2015 var sett stefna um að jafna hlutföllin sem markvisst hefur verið unnið að og eftirfylgni hefur verið stöðug síðan. Hjá N4 er auk þess unnið að jafnrétti á breiðari grunni með því að jafna aldurssamsetningu bæði meðal viðmælenda og starfsmanna og gagngert er unnið að því að gera raddir landsbyggðanna sterkari og áhrifameiri. Það er ljóst að N4 er til fyrirmyndar og vinnur mikilvægt brautryðjendastarf fyrir fjölmiðla á landinu öllu þar sem rannsóknir sýna að fjölbreytni er ábótavant og verulega hallar á konur. Innilega til hamingju N4.

Hlaðvarpsþátturinn Bannað að dæma í umsjón Heiðdísar Austfjörð og Halldórs Kristins Harðarsonar hlýtur hvatningarverðlaun jafnréttimála. Markmiðið með þættinum er að fræðast án þess að dæma og hafa gaman af lífinu. Með ólíkum viðmælendum og skemmtilegri nálgun er þátturinn bæði skemmtun og ekki síst mikilvæg fræðsla um fjölbreyttan veruleika og viðfangsefni, þannig opna þáttastjórnendur umræðuna og minnka líkur á fordómum. Innilega til hamingju Bannað að dæma.